

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 311/2012

2013/EES/28/35

frá 21. desember 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti tengda lýsingum og auglýsingum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004⁽²⁾ er þess krafist að útgefendur í þriðja landi geri sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingum vegna útboðs á verðbréfum til almennings eða skráningar verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (e. *IFRS*) eða innlenda reikningsskilastaðla þriðja lands að því gefnu að þeir séu jafngildir þessum stöðlum.
- 2) Til að meta jafngildi góðra reikningsskilavenja þriðja lands við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla (e. *IFRS*), kveður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007⁽³⁾ á um skilgreiningu jafngildis og kemur á tilhögun fyrir ákvörðun jafngildis góðra reikningsskilavenja þriðja lands. Samkvæmt skilyrðum jafngildis fyrirkomulags gæti útgefendum í þriðja landi verið heimilt að nota góðar reikningsskilavenjur þriðju landa sem vinna að samleitni við eða hafa skuldbundið sig til að innleiða alþjóðlega reikningsskilastaðla á umbreytingartímabili sem lýkur þann 31. desember 2011. Mikilvægt er að meta viðleitni þeirra landa sem hafa tekið skref í átt að samræmingu reikningsskilastaðla þeirra við alþjóðlega reikningsskilastaðla eða innleitt þá. Því hefur reglugerð (EB) nr. 1569/2007 verið breytt til að framlengja þetta umbreytingartímabil til 31. desember 2014. Framkvæmdastjórnin tók tillit til skýrslunnar frá Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði í nóvember 2010 um Kína, Kanada, Indland og Suður-Kóreu, sem hafði hlotið umbreytingartímabil með ákvörðun framkvæmda-

stjórnarinnar 2008/961/EB frá 12. desember 2008 um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðu-reikningsskila sinna⁽⁴⁾, og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2008 frá 12. desember 2008 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti sem tengjast lýsingum og auglýsingum⁽⁵⁾, sem og uppfærslum um Kína og Indland frá apríl 2011.

- 3) Í apríl 2010 gaf fjármálaráðuneyti Kína út „áætlun um áframhaldandi samleitni reikningsskilastaðla fyrirtækja (e. *ASBE*) við alþjóðlega reikningsskilastaðla (e. *IFRS*)“ sem ítrekaði skuldbindingu Kína um að halda áfram samleitniferlinu við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana. Frá og með október 2010 hafa allir gildandi staðlar og tulkunar, útgefin af Alþjóðareikningsskilaráðinu, verið tekin upp í áætlunina um áframhaldandi samleitni reikningsskilastaðla fyrirtækja. Samleitnistigið hefur verið tilkynnt af Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði sem viðunandi og mismunurinn er ekki nógu mikill til að ekki sé farið að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Því er rétt að líta svo á að kínverska áætlunin um áframhaldandi samleitni reikningsskilastaðla fyrirtækja teljist jafngild innleiddum *IFRS*-stöðlum frá og með 1. janúar 2012.
- 4) Reikningsskilaráð Kanada skuldbatt sig opinberlega í janúar 2006 til að innleiða alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir 31. desember 2011. Það hefur samþykkt upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla í handbók samtaka kanadískra löggiltra endurskoðenda sem kanadíska góða reikningsskilavenju fyrir öll opinber reikningsskilaskýld fyrirtæki, sem rekin eru í hagnaðarskyni, frá 2011. Því er rétt að líta svo á að kanadískar góðar reikningsskilavenjur séu jafngildar innleiddum *IFRS*-stöðlum frá og með 1. janúar 2012.
- 5) Fjármálaeftirlitsnefnd Suður-Kóreu og Reikningsskilastofnun Suður-Kóreu skuldbundu sig opinberlega í mars 2007 til að innleiða *IFRS*-staðla fyrir 31. desember 2011. Suður-Kóreska reikningsskilaráðið hefur innleitt *IFRS*-staðla sem kóreska *IFRS*-staðla (e. *K-IFRS*). Kóreskir *IFRS*-staðlar eru nákvæmlega eins og *IFRS*-staðlar og þeirra er krafist fyrir öll skráð félög í Suður-Kóreu frá 2011. Óskráðar fjármálastofnanir og ríkisfyrirtæki þurfa einnig að nota kóreska *IFRS*-staðla.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 112.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 17.

Önnur óskráð félög geta valið að nota þá. Því er rétt að líta svo á að góðar reikningsskilavenjur Suður-Kóreu jafngildi innleiddum IFRS-stöðlum frá og með 1. janúar 2012.

- 6) Indversk stjórnvöld og samtök löggiltra endurskoðenda á Indlandi skuldbundu sig opinberlega í júlí 2007 til að innleiða IFRS-staðla eigi síðar en 31. desember 2011 með það að markmiði að indverskar góðar reikningsskilavenjur væru að fullu samrýmdar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við lok áætlunarinnar. Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði tók þó eftir því, að undangenginni athugun á staðnum í janúar 2011, að indverskar góðar reikningsskilavenjur virtust frábrugðnar IFRS-stöðlum að umtalsverðu leyti í raun. Óvissa ríkir um tímaáætlun vegna innleiðingar tilkynningakerfis sem fer að IFRS-stöðlum. Þar sem engir útgefendur á Indlandi hafa notfært sér að beita sjálfviljugir IFRS-stöðlum fyrr, er engin reynsla komin af framfylgd IFRS-staðla.
- 7) Því er viðeigandi að framlengja umbreytingartímabilið um allt að þrjú ár, til 31. desember 2014, til að heimila útgefendum í þriðja landi að gera árleg reikningsskil sín og hálfársreikningsskil, í samræmi við góðar reikningsskilavenjur Indlands, í Sambandinu.
- 8) Þar sem umbreytingartímabilið sem jafngildi var veitt vegna góðra reikningsskilavenja Kína, Kanada, Suður-Kóreu og Indlands samkvæmt reglugerð (EB) nr. 809/2004 féll úr gildi þann 31. desember 2011, skal þessi reglugerð gilda frá 1. janúar 2012. Þetta er nauðsynlegt til að skapa réttarvissu fyrir útgefendur frá þessum þriðju löndum, sem skráðir eru á markað í Sambandinu, og komast hjá þeirri áhættu að þeir gætu þurft að samræma reikningsskil sín við IFRS-staðla. Með því að kveða á um afturvirkni er mögulegri viðbótarbyrði létt af hlutaðeigandi útgefendum.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 809/2004 til samræmis við það,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 2011.

1. gr.

Ákvæðum 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) annar undirliður bætist við í 5. mgr.:

„Til viðbótar við staðla sem um getur í fyrsta undirlið, geta útgefendur þriðja lands frá 1. janúar 2012 lagt fram sögulegar fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við eftirfarandi staðla:

- a) góðar reikningsskilavenjur Alþýðulýðveldisins Kína,
- b) góðar reikningsskilavenjur í Kanada,
- c) góðar reikningsskilavenjur Lýðveldisins Kóreu.“

- 2) Eftirfarandi komi í stað málsgreinar 5a:

„5a. Útgefendur í þriðja landi falla ekki undir þá kvöð í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka eða lið 11.1 í XI. viðauka að endurgera eldri fjárhagsupplýsingar sem eru í lýsingu og varða fyrri fjárhagsár en þau sem hefjast 1. janúar 2015 eða síðar eða undir þá kvöð í lið 8.2a í VII. viðauka, lið 11.1 í IX. viðauka eða lið 20.1a í X. viðauka að leggja fram lýsingu á þeim mun sem er á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum), sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, og reikningsskilareglum, sem notaðar eru þegar slíkar upplýsingar eru teknar saman vegna fyrri fjárhagsára en þeirra sem hefjast 1. janúar 2015 eða síðar, að því tilskildu að eldri fjárhagsupplýsingar séu gerðar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur Lýðveldisins Indlands.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO